

Skynsemisregla í starfsemi íslenskra lífeyrissjóða

Eftirfarandi grein var birt í Morgunblaðinu, 25. nóvember 2016. Í Greininni er fjallað um umboðsskyldu í víðum skilningi með það að markmiði að styrkja þekkingu á málefnum hennar og stuðla þannig að faglegri umræðu um áhrif hennar á umhverfi íslenskra lífeyrissjóða.

Nýverið samþykkti Alþingi frumvarp til breytinga á lögum um starfsemi lífeyrissjóða. Í lögnum er að finna þau nýmæli að stjórnendum lífeyrissjóða beri að starfa samkvæmt reglu hins grandvara manns (e. Prudent Person Rule). Regla hins grandvara manns, einnig þekkt sem skynsemisreglan, felur það í sér að aðilar hagi störfum sínum með sama hætti og góður og grandvar maður myndi haga sínum eigin málum. Skynsemisreglan er hluti af hugtakinu um umboðsskyldu (e. Fiduciary Duty) hvers gildi hafa staðist tímans rás. Með þessari grein er gerð tilraun til að varpa ljósi á hvað liggi að baki hugtaksins í víðum skilningi.

Hvað er umboðsskylda?

Umboðsskylda er lögð á herðar umboðsmanns, einstaklings eða stofnunnar, sem fer með ákvörðunarvald fyrir hönd umbjóðanda síns við aðstæður sem byggja á trúnaði og trausti. Þetta er sérstaklega mikilvægt í aðstæðum þar sem ríkir mikið ójafnvægi á þekkingu milli aðila og þegar umbjóðendur hafa takmarkaða möguleika á því að fylgjast með eða hafa umsjón með aðgerðum umboðsmanns sem starfar í þeirra þágu.

Umboðsskyldan samanstendur af tveimur meginþáttum, annarsvegar hollustuskyldu (e. Duty of Loyalty) og hinsvegar skynsemisskyldu (e. Duty

of Prudence). Hollustuskyldan kveður á um að umboðsmönnum beri að starfa í góðri trú, koma í veg fyrir hagsmunaárekstra og starfa í þágu umbjóðanda síns en ekki í eigin þágu eða þriðja aðila. Skynsemisskyldan kveður hinsvegar á um að umboðsmaður sem bundinn er af umboðsskyldu starfi með aðgát, kunnáttu og af kostgæfni. Þannig ber honum að byggja ákvarðanir sínar á sömu forsendum og „grandvar maður“ myndi gera og haga ákvörðunum sínum og gerðum í þágu umbjóðanda síns eins og hann myndi gera fyrir sjálfan sig. Þetta þýðir ekki að einstaka ákvarðanir þurfi eftir á að hyggja að vera réttar eða skila jákvæðri niðurstöðu heldur að grandvar maður gæti komist að sömu niðurstöðu byggt á þeim upplýsingum sem liggja fyrir á þeim tíma sem ákvörðun er tekin.

Gildi umboðsskyldunnar um hollustu, heiðarleika og sanngirni gegna mikilvægu hlutverki og stuðla að því að nauðsynlegt traust og trúnaður séu til staðar þegar sérfræðipjónusta er veitt. Þannig gerir umboðsskyldan aðilum kleift að njóta ávinnings þess að nýta sér þjónustu sérfræðinga með minna eftirliti en annars þyrfti. Aukið traust sem aðilar rísa undir dregur úr þörf á eftirliti sem er kostnaðarsamt og getur dregið úr ábata viðskipta. Ef traust er ekki til staðar getur dregið úr hvata til

viðskipta, möguleikum til sérhæfingar og þannig haldið aftur af aukinni velsæld samfélagsins. Hugtakið umboðsskylda er ekki nýtt af nálinni. Sagnfræðingar hafa rakið fyrstu ummerki hennar aftur til laga Hammurabi frá árinu 1790 f.Kr. en lögin eru talin vera elsta þekktu dæmið um heilstæða löggjöf og eru nefnd eftir höfundi þeirra, Hammurabi fyrsta konungi Babyloníu. Síðastliðin 300 ár hefur umboðsskyldan þróast í ensk-amerískum fordæmisrétti og er talið vera eitt af þeim hugtökum sem erfiðast er að henda reiður á.

Umboðsskylda á erindi við okkur öll

Efnahags- og samfélagslega velsæld undanfarinna áratuga má að stórum hluta rekja til aukinnar sérhæfingar meðal fyrirtækja, stofnana og einstaklinga. Grunnforsenda aukinnar sérhæfingar og þess að aðilar nýti sér sérfræðipjónustu er að traust ríki á milli þiggjenda og veitenda. Þrátt fyrir augljósan ábata þess að treysta á sérþekkingu og fagþekkingu annarra felst einnig í því umtalsverð áhætta.

Líklega hafa flestir á einhverjum tímapunkti átt í sambandi sem fallið getur undir hugtakið um umboðsskyldu. Útvistun á hinum ýmsu þáttum hins daglega lífs þykir í dag sjálfsagður hluti nútímalífsstíls. Þannig felum við sérfræðingum í auknum mæli að gæta hagsmuna okkar í trausti þess að þeir gæti þeirra umfram annarra hagsmuna, þar með talið sinna eigin.

Foreldrar þekkja það vel að fela kennurum forsjá yfir börnum sínum stóran hluta úr degi og treysta þannig á að í þeirra umsjón hljóti þau viðeigandi fræðslu og umönnun við öruggar aðstæður. Með

sambærilegum hætti ber stjórnendum lífeyrissjóða að setja hagsmuni sjóðfélaga frammar öðrum hagsmunum, sína varfærni í störfum sínum og starfa í samræmi við þá fjárfestingastefnu sem þeim er sett. Þetta eru aðeins tvö dæmi um umboðsskyldu sem megin þorri almennings á auðvelt með að tengja við. Dæmi um aðila sem falla undir umboðsskyldu í störfum sínum eru t.a.m. lögfræðingar, læknar, prestar, kennarar, foreldrar o.fl.

Mikilvægi umræðunnar

Umboðsaðilar bera skyldu gagnvart umbjóðanda sem grundvallast á trausti á milli þeirra. Umboðsaðili þarf að gæta hagsmuna umbjóðenda sinna og eftir því sem meira traust ríkir á milli þeirra eykst möguleiki á sérhæfingu og bættra lífskjara. Umboðsskylda lýsir þeim grundvallargildum sem mikilvægt er að umboðsaðilar tileinki sér í þjónustu við umbjóðendur sína. Með aukinni umræðu og þekkingu á umboðsskyldunni geta umboðsaðilar hagað verklagi sínu þannig að umbjóðendur öðlist aukið traust á þjónustu sérfræðinga.

Óli Freyr Kristjánsson
oli.kristjansson@arionbanki.is
Sérfræðingur
Eignastýring fagfjárfesta
Arion banki